

Leiðbeiningar um uppsetningu lokaverkefna

Titilsíða: Forsíða lokaverkefna við HR er stöðluð og er eyðublaðið vistað vef skólans. Þar á að koma fram heiti verkefnis, nafn nemanda, námsbraut, nafn umsjónarkennara, nafn leiðbeinanda og hvenær verkefnið er unnið (önn og ártal).

Lykilsíða: Lykilsíða er stöðluð og gefur yfirlit yfir verkefnið og er lykill að ritgerðinni við skráningu á bókasöfnum og gagnasöfnum. Lykilsíða inniheldur m.a. titil verkefnis, nafn höfundar og ágríp. Einnig lykilorð sem eiga að vera lýsandi um innihald verkefnisins fyrir þá sem leita upplýsinga á bókasafni.

Formáli: Oft er heppilegt að geta í formála um tilurð verkefnis og sérstöðu ef það á við. Ef nemandi sér ástæðu til að þakka einhverjum aðilum fyrir veittan stuðning og hjálp er það gert hér.

Útdráttur: Í útdrætti skal gera grein verkefninu í stuttu og hnitmiðuðu máli. Gera skal grein fyrir markmiðum, helstu aðferðum og megin niðurstöðum á áhugaverðan hátt. Ef lykilsíða er á verkefninu er útdrátturinn ritaður þar. Inngangur: Í inngangi skal gera grein fyrir tilurð verkefnisins og efni þess kynnt. Hér er gert grein fyrir markmiðum verkefnisins, forsendum hönnunar eða tilgátu við rannsókn eftir því sem við á.

Meginmál (efni og aðferðir): Hér skal á kerfisbundinn hátt lýsa því hvernig efnis var aflað, lýsa framkvæmd verkefnisins og hvernig unnið var að úrlausn þess. Ef sérstök tæki eða hugbúnaður eru notuð skal greina frá því. Einnig skal gera grein fyrir fræðilegum aðferðum sem notaðar eru við útreikninga og hönnun. Í sumum verkefnum s.s. hönnunarverkefnum getur hentað að gera grein fyrir útreikningum og niðurstöðum jafnóðum í þessum kafla.

Niðurstöður: Í þessum kafla skal gera grein fyrir niðurstöðum verkefnis eða hönnunar á stuttan og hnitmiðaðan hátt. Til að draga fram ákveðnar niðurstöður er æskilegt að nota sem mest töflur, línurit og teikningar. Töflur, línurit og myndir skulu númeruð og vera með lýsandi texta svo auðvelt sé að vísa til þeirra í texta. Ef verkefnið felur í sér mikið af mæligögnum, útreikningum, hönnunargögnum eða teikningum er heppilegt að hafa slík í viðauka en hafa samandregnar niðurstöður úr þeim í þessum kafla.

Umræða og túlkun: Niðurstöður verkefnis túlkaðar og bornar saman við upphafleg markmið verkefnisins. Gerð grein fyrir ágöllum og óvissuþáttum og gerðar tillögur að úrbótum. Til greina getur komið að sameina niðurstöður og umræðu/túlkun í einn kafla.

Samantekt: Megin niðurstöður verkefnis dregnar saman í nokkrum línnum. Markmiðum sem sett voru fram í upphaf verkefnis svarað

Heimildir: Listi yfir heimildir á að vera með lokaverkefni. Geta skal allra heimilda sem vitnað er í í verkefninu. Um framsetningu heimildalista og tilvísana skal fara eftir viðurkenndum reglum um rannsóknarritgerðir.

Viðaukar: Í viðauka skal setja fram efni sem ekki á heima í megintexta ritgerðar til dæmis ítarlegar töflur og línurit, ítarlega útreikninga, ítarlegar teikningar, upplýsingablöð frá framleiðendum og önnur frumgögn. Gögn þessi skulu útskýrð með stuttum texta þannig að lesandi geti notfært sér þau ef þörf krefur.